ÞJÓÐVILJINN

Miðvikudagur 9. september 1981

Aðalsími Þjóðviljans er 81333 kl. 9-20 mánudag til föstudaga. Utan þess tíma er hægt að ná í blaðamenn og aðra starfsmenn blaðsins í þessum símum: Ritstjórn 81382, 81482 og 81527, umbrot 81285, ljósmyndir 81257. Laugardaga kl. 9-12 og 17-19 er hægt að ná í afgreiðslu blaðsins í síma 81663. Blaðaprent hefur síma 81348 og eru blaðamenn þar á vakt öll kvöld.

Aðalsími 81333

Kvöldsími 81348

Helgarsími afgreiðslu 81663

Einstæð sýning

Vinnustofa meistara Kjarvals

Verk meistara Kjarvals vekja jafnan mikla athygli, og er það að vonum, því sérkennilegur og mikill var bæði maðurinn og list hans. Að Kjarvalsstöðum getur nú að líta hvorki meira né minna en vinnustofu Kjarvals, verkin sem hann málaði á veggi vinnustofu sinnar við Austurstræti, þegar þröngt var í búi og skortur á lérefti og litum. Vinnustofan stóð lengi auð, þar lak inn vatn og vindar smeygðu sér inn og lá við að myndirnar yrðu ónýtar. Þar kom þó að björgunarsveit var send á vettvang, myndirnar voru teknar af veggjunum, þe. striginn sem strengdur var á veggina var tekinn af og myndirnar sendar í hendur sérfræðinga í Kaupinhöfn. Þrír veggjanna eru til sýnis að Kjarvalsstöðum, en myndirnar sem voru undir súðinni eru ókomnar úr viðgerð.

Það er Guðmundur Axelsson eigandi Klausturhóla sem á myndirnar, en þær eru það miklar að umfangi að erfitt verður að koma þeim fyrir.

Þegar blaðamann bar að garði á Kjarvalsstöðum var augljóst að Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur hússins renndi hýru auga til verkanna og er vonandi að ráðamenn Reykjavíkurborgar geri það líka, því hvar eiga verkin frekar heima en að Kjarvalsstöðum?

Sýningin stendur til 20. september, en eftir að henni lýkur er óvíst hvað um vinnustofuna verður. Það er sannarlega ástæða til að leggja leið sína að Kjarvalsstöðum þessa dagana, þar eru nú fjórar sýningar í gangi, bæði gamlir meistarar og ungir sýna þar verk sín.

— ká.



Vinnustofa Kjarvals. — Ljósm.: gel.

Óhæft neysluvatn á Akranesi:

Hreinsitækin sett upp eftir áramót

Vandinn bráðlega úr sögunni, segir Engilbert Guðmundsson, bæjarfulltrúi

Akurnesingar verða nú að sjóða allt neysluvatn sitt en gerlamengun, sem löngum hefur verið mikil í vatninu hefur nú náð þeim mörkum að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur varað við neyslu þess ósoðins. Engilbert Guðmundsson, bæjarfulltrúi á Akranesi sagði í gær að vonandi sæi nú fyrir endann á þessu ófremdarástandi sem hefur ríkt í marga áratugi, þar sem vatnshreinsitæki yrðu sett upp í vetur. Raunar var Engilbert staddur á bæjarstjórnarfundi, þegar blaðamaður Þjóðviljans náði tali af honum, en þar var m.a. samþykkt að taka tilboði í byggingu húss utanum hreinsitækin.

Akurnesingar fá neysluvatn sitt úr hlíðum Akrafjalls. Þetta er yfirborðsvatn sem hættir til að mengast einkum af saurgerlum sem svartbakurinn ber í hlíðarnar. Ekki munu önnur tök á vatnsöflun fyrir kaupstaðinn en Engilbert sagði að hreinsitækin myndu vonandi leysa þennan vanda þannig að hann yrði úr sögunni.

— Það er farið að framleiða tæki sem drepa allar bakteríur (gerla) í vatninu með geislun, sagði Engilbert og bæjarstjórn Akraness hefur fest kaup á slíku tæki. S.l. vetur fóru nokkrir menn úr bæjarstjórn til Skandinavíu til að kynna sér ýmis mál, m.a. að skoða ýmislegt í sambandi við kolabrennslu í Sementsverksmiðjunni og voru hreinsitæki skoðuð í leiðinni. Með í för var fulltrúi frá Heilbrigðiseftirlitinu og hefur það mælt með þessum tækjum. Málið ætti því að verða úr sögunni þegar tækin koma í notkun í vetur.

Að lokum sagði Engilbert aðspurður að kolabrennslumálið væri í algerri biðstöðu, m.a. vegna þess að ekki hefði verið hreyft við því af viðkomandi aðiljum upp á síðkastið.

Hilmar Ingólfsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ:

Bæjarstjórnin er í blekkingarleik

„Bæjarstjórinn hér í Garðabæ, Jón Gauti Jónsson, hefur síðustu dagana stöðugt verið með yfirlýsingar í fjölmiðlum um vega- og skipulagsmál hér í bænum, en þessar yfirlýsingar hafa verið mjög villandi og ósannar og verður það að teljast furðulegt ábyrgðarleysi af opinberum embættismanni að hegða sér þannig" sagði Hilmar Ingólfsson bæjarfulltrúi í Garðabæ í samtali við Þjóðviljann í gær.

„Bæjarstjóri upplýsir í blaðaviðtali að gengið hafi verið með undirskriftalista í nær öll hús í Garðabæ og 85—95% íbúa skrifað undir, eða samtals 1354 íbúar. Kjósendur í Garðabæ eru nú um 2750 og ná undirskriftirnar því ekki til helmings kjósenda. Þessi prósentureikningur er því í samræmi við annað í málflutningi bæjarstjórans".

Hilmar sagði þær fullyrðingar bæjarstjórans rangar að enginn ágreiningur væri í bæjarstjórn um fyrirhugaðar framkvæmdir í vegamálum í bænum og um sé að ræða allt aðrar framkvæmdir en þær sem hafnað var af bæjarbúum 1978.

„Meirihluti íbúa, er á móti hraðbraut í gegnum bæinn og furðulegt að slíkt geti farið fram hjá bæjarstjóra. Allt tal nú um að Hafnarfjarðarvegur sé tengibraut er þvættingur einn. Það liggur alveg ljóst fyrir að umferðin verður um alla framtíð á þessum vegi og allt tal bæjarstjórans um sjávarbraut er blekking ein.

Í aðalskipulagstillögum fyrir bæinn, sem ekki hafa verið afgreiddar enn á löglegan hátt, er sjávarbraut aðalumferðaræðin, en ekki Hafnarfjarðarvegur. Það eru engar framkvæmdir fyrirhugaðar við sjávarbraut. Allir geta því séð hvílíkar blekkingar bæjarstjóri og meirihlutinn viðhafa í þessu máli. Hér er um pólitíska skrípaleik að ræða og málefnunum, hagsmunum Garðbæinga og þeirra sem þurfa um Garðabæ, fórnað. Af þeim valkostum sem eru í boði, er sá lakasti tekinn". —lg.

Kommúnistasamtökin um samvinnu við krata: Taktískt vandamál

Afstaðan varðandi Alþýðuflokkinn ákvörðuð í tíma

Jón Baldvin Hannibalsson og Vilmundur Gylfason fóru báðir fram á óformlegar viðræður við Kommúnistasamtökin fyrir hönd Alþýðuflokksins. Þetta kemur fram í yfirlýsingu Kommúnistasamtakanna, sem send var fjölmiðlum í gær. Yfirlýsing hljóðar þannig frá orði til orðs:

„Kommúnistasamtökin eru marx-leninísk og byltingarsinnuð samtök sem hafna sovéska kerfinu sem sósialisma og líta á Alþýðuflokkinn og Alþýðubandalagið sem borgaralega umbótaflokka.

Samtökin hafa ekki talið sér kleift að vinna innan íslensku stjórnmálaflokkanna, bæði vegna stefnu þeirra og skipulags.

Í sumar báðu þeir **Vilmundur Gylfason og Jón Baldvin Hannibalsson** um óformlegan fund með **Ara Trausta Guðmundssyni**, einum talsmanni Kommúnistasamtakanna. Þar lýstu þeir tillögum nefndar um breytingar á skipulagi Alþýðuflokksins og gáfu til kynna að þær gætu opnað kommúnistum leið til þess að starfa í flokksfélagi innan Alþýðuflokksins. Hér var hvorki um formlegt tilboð að ræða eða beiðni og fylgdu ekki fleiri fundir í kjölfarið.

Ari Trausti Guðmundsson taldi hugmyndirnar umræðu verðar innan sinna samtaka og sagðist myndu taka málið upp við fyrsta hentuga tækifæri. Skipulegar umræður Kommúnistasamtakanna eru ekki hafnar, og niðurstöður því engar til. Fyrr en þær eru ljósar er ekki tilefni til funda með einum eða öðrum úr Alþýðuflokki um inngöngu Kommúnistasamtakanna í flokkinn. Ekki er heldur ástæða til að gefa sér niðurstöður umræðna kommúnista fyrirfram eða álíta viðræður um sameiningu Kommúnistasamtakanna og Alþýðuflokksins hafnar.

Fundir þeir með Kommúnistasamtökunum sem **Jón Baldvin Hannibalsson** nefndi í útvarpsviðtali 5. sept. sl. voru tveir opnir umræðufundir haustið 1980. Var Jóni boðið þangað ásamt talsmönnum annarra flokka og einstaklingum. Að sjálfsögðu eru engin tengsl milli þessara funda og máls þess sem fjölmiðlar gera sér nú mat úr, nema hvað þar kom í ljós að Alþýðuflokkur og Kommúnistasamtökin eiga sér fáein sameiginleg stefnumið, ekki síður en aðrir flokkar, t.d. Alþýðubandalagið og Kommúnistasamtökin.

Kommúnistasamtökin líta á samvinnu við aðra flokka eða starf innan þeirra sem taktískt vandamál og munu ákvarða afstöðu sína varðandi Alþýðuflokkinn í tíma. 7. september 1981

Stjórn Kommúnistasamtakanna
pr. Arnór Sighvatsson
Ari Trausti Guðmundsson.

Fóstureyðingum fækkaði í fyrra

Fóstureyðingum fækkaði hér á landi á síðastliðnu ári miðað við árið 1979. Þessar upplýsingar koma fram í nýjasta hefti Hagtíðinda og þótti okkur Þjóðviljamönnum sæta nokkrum tíðindum. Svo sem kunnugt er hafa fóstureyðingar verið deilumál hér á landi sem annars staðar. Ár eftir ár hafa komið fram tillögur á Alþingi um að þrengja löggjöfina um fóstureyðingar sem í gildi er og er frá árinu 1975. Staðreyndin er hins vegar sú að fóstureyðingar eru mun færri hér á landi, en á hinum Norðurlöndunum og sem áður segir fækkaði þeim í fyrra.

Haukur Ólafsson, sem sér um skráningu fóstureyðinga hjá Landlæknisembættinu, sagði að árið 1977 hefðu verið framkvæmdar 447 fóstureyðingar hér á landi, eða 8,4 á hverjar 1000 konur. 1978 voru þær 453, einnig 8,4 á hverjar 1000 konur. Árið 1979 voru þær 549 eða 10 á hverjar 1000 konur, en 1980 513, eða 9.2 á hverjar 1000 konur. Hér er átt við konur á aldrinum 15—44 ára.

Skýringin á aukningunni 1979 er að sögn Hauks sú, að það ár gekk hér faraldur rauðra hunda og voru 60 fóstureyðingar framkvæmdar þeirra vegna, en 30 árið þar á undan. Árið 1980 var hins vegar engin fóstureyðing vegna þessa sjúkdóms og er það að mati Hauks skýringin á fækkuninni það árið.

Samsvarandi tölur fyrir Norðurlönd eru fyrir árið 1979: 19,1 fóstureyðing á hverjar 1000 konur í Danmörku, 13,1 í Finnlandi, 15,8 í Noregi og 18,3 í Svíþjóð. Í Grænlandi var hlutfallið hins vegar mun hærra eða 36,1 svipað og í Skotlandi (?).

Haukur Ólafsson sagði að svo virtist sem fóstureyðingar hér á landi væru í nokkru jafnvægi, svipaður fjöldi frá ári til árs. ká.